

## Laxness (2005)

**Bókarhöfundur:** Hannes Hólmsteinn Gissurarson

**Bókarheiti:** Laxness

**Gagnrýnandi:** Steinar Þór Sveinsson

**Útgáfa:** Bókafélagið, Reykjavík 2005, 608 bls

Í þriðju bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um Halldór Kiljan Laxness er skáldinu fylgt eftir frá árinu 1948 til dauðadags 1998. Á þessu tímabili hlýtur Halldór Laxness Nóbelsverðlaun í bókmenntum og skrifar skáldsögurnar *Gerplu*, *Brekkukotsannál*, *Paradísarheimt*, *Kristnihald undir Jökli* og *Guðsgjafarþulu* auk smásagna, leikrita, minningabóka og annarra verka. Á bókarkápu segir að Halldór Laxness hverfi á þessu tímabili frá fyrri róttækni og gerist efaþjarn húnanisti, breytist úr vígamanni í þjóðskáld.

Tvö atriði úr bókinni hafa vakið nokkra athygli og ratað í fréttir. Annars vegar hvernig nokkrir menn beittu sér gegn því að Gunnar Gunnarsson skáld fengi Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1955, vegna þess sem virðist hafa verið misskilningur um að það þýddi að Halldór Laxness myndi ekki fá verðlaunin einnig. Hins vegar kaupmáli sem gerður var 1991 í hverjum skáldið afsalar sér nær öllum eignum í hendur eiginkonu sinni, Auði Sveinsdóttur, sem þýðir að tvö eldri börn Halldórs erfi ekki eiga hans heldur aðeins börn hans og Auðar. Ekki er nánar farið út í þennan gjörning en fram hefur komið að á þessum tíma var skáldinu farið að hraka og spurningar hljóta að vakna um eðli hans.

Fyrir utan þessi tvö atriði er ratað hafa í fréttir er bókin rík af áhugaverðu efni. Hannes Hólmsteinn er sjálfur stjórn málafræðingur og í bókinni eru þjóðmálaafskiptum Halldórs Laxness gerð góð skil auk þess er viðkemur skáldskap hans. Víða er leitað fanga í bókinni og í henni er fjöldi frásagna af skáldinu og hnyttum tilsvörum þess og óborganlegum sérkennilegheitum.

Bókin er góð skýrsla um tíðarandann sem ríkti á Íslandi um miðbik og á seinni hluta 20. aldar. Þjóðmálaumræðan umhverfðist um kommúnisma og kapítalisma, vopnakaþhlaup og hernaðarbandalög. Halldór Laxness tók ríkan þátt í þessari umræðu, talaði máli Sovétríkjanna, kommúnismans, og fordæmdi kapítalismann. Skyldingar hans og Valtýs Stefánssonar, ritstjóra Morgunblaðsins, voru hatrammar og er í raun hin besta skemmtun að lesa hnúturnar sem gengu á milli. Inntak umræðunnar virðist hæglega geta gleymst þegar menn reyna að klífa hæstu tindu í persónulegu niði. Þótt ýmsir kveinki sér undan fjölmiðlaumræðunni nú á tímum virðast menn oftast nær harla kurteisir m.v. hvað áður tíðkaðist.

Hin vinnandi alþýða skipaði stóran sess í skáldskap Halldórs Laxness og í afskiptum hans af þjóðmálum. Það eru hins vegar engin ný sannindi að hann lifði aldrei sem óbrotinn alþýðumaður og hefði sjálfsagt leiðst slíkt lífverni. Hann tók sér stöðu með kommúnistum en kallaði sig vinstri sósíalista og reyndi að fjarlægja sig stjórn málum þegar glitti í Nóbelsverðlaunin til að skapa um sig sátt.

Þeir sem í dag sjá hversu mikið villur vegar þeir fóru sem aðhylltust kommúnisma Sovétríkjanna verða að passa sig að dæma ekki of hart. Það kann að sýnast einkennilegt hversu hart Halldór Laxness beitti sér en það sem í dag virðist hafa verið ófullkomleiki í þjóðfélagssýn, tálsýn, stækkar skáldið. Margir samtímamenn Halldórs Laxness fyrirlitu stjórn málaskoðanir hans en dáðu skáldskap hans. Þeir sögðu að hér þyrfti að draga skil á milli og það er rétt. En hið mannlega sem sést í þjóðmálaafskiptum og stjórn málaskoðunum Halldórs sýnir einnig hið breyska í persónunni. Það gerir skáldið sjálft enn mannlegra og skáldskap þess því stórfenglegri.

Fram kemur í bókinni að jafnvel nánustu samherjar Halldórs Laxness voru óvissir um hvernig þeir áttu að meta hann. Bréfaskrif Sigurðar Nordals og Ragnars í Smára, útgefanda Halldórs, vegna skáldsögunnar *Gerplu* eru rakin og er forvitnilegt að sjá þá skiptast á skoðunum um inntak skáldsins. Hvað stendur Halldór Laxness fyrir? Hver er hans sanna hugsun? Er hann samkvæmur sjálfum sér? Hefur hann hjarta sitt í sögunni? Ragnar í Smára var einn af þeim sem stóð Halldóri Laxness hvað næst. Þegar hann spyr sig svona spurninga hvað þá um þá er fjær standa? Hefur ekki skáldi einmitt tekist vel upp ef þeir sem gerst til þekkja þurfa að spyrja sig slíkra spurninga við lestur bóka þess?

Hannes Hólmsteinn hefur lýst því yfir að tilfinningar hans til skáldsins hafi verið blendnar meðan hann skrifaði bókina. Hann sé á því að þarna fari eitt besta og mesta skáld þjóðarinnar en honum fannst Halldór Laxness á tíðum harður og óvæginn við sína nánustu, en einnig við sig sjálfan. Hann setti list

sína í öndvegi. Ragnar í Smára lýsir í bréfum álíka viðhorfum og segir að Halldór myndi ekki fresta skipulegri utanför vegna veikinda nákomins ættingja eða dauða vinar.

Það hlýtur að vera kostur að svona bók sé ekki skrifuð af stökum aðdáanda heldur einmitt manni sem hefur blendnar tilfinningar til viðfangsefnis síns og ber fyrir því virðingu. Það verður ekki annað sagt en að Hannes Hólmsteinn komi efninu vel til skila. Hann rekur lífssögu Halldórs Laxness skilmerkilega, styður sig við frásagnir og blaðagreinar og leggur spilin á borðið fyrir lesandann. Lesandinn fær tækifæri til að draga eigin ályktanir og mynda sér skoðanir. Þar sem Hannes Hólmsteinn tekur sjálfur til orðs verður ekki annað séð en hann sé sanngjarn gagnvart viðfangsefninu og sýni því virðingu.

Bókin Laxness er ítarleg frásögn af seinni helming í lífi eins af mestu skáldum þjóðarinnar. Frásögnin rekur sig vel og bókin er uppfull af áhugaverðum atvikum og skemmtilegum frásögnum. Það er augljós fengur í henni fyrir alla áhugamenn um Nóbelskálðið á Gljúfrasteini. Það hefur staðið styr um það verkefni sem Hannes Hólmsteinn lýkur með þessu þriðja bindi af ævisögu Halldórs Laxness. Fyrir áhorfanda og áhugamann er skemmtilegur samhljómur milli látanna sem oft voru í kringum Halldór Laxness sjálfan, styrinn sem oft stendur um Hannes Hólmstein í íslenskri þjóðmálaumræðu, og þau upphlaup sem hafa verið vegna ritunar Hannesar Hólmsteins á ævisögu Nóbelskálldsins.